



**64. fundur Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, mánudaginn 26. september 2022
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Ásdís Hafrún Benediktsdóttir aðalmaður, Jónína Brynjólfsdóttir formaður, Ólafur Áki Ragnarsson varaformaður, Eiður Gísli Guðmundsson aðalmaður, Björgvin Stefán Pétursson varamaður, Þórunn Hrund Óladóttir varamaður, Hulda Sigurdís Þráinsdóttir varamaður, Hannes Karl Hilmarsson áheyrnarfulltrúi, Hugrún Hjálmarsdóttir framkvæmda- og umhverfismálastjóri og Sóley Valdimarsdóttir ritari.

Fundargerð ritaði: Sóley Valdimarsdóttir, ritari á umhverfis- og framkvæmdarsviði

Dagskrá:

1. 202208143 - Fjárhagsáætlun umhverfis- og framkvæmdasviðs 2023

Fjármálastjóri fór yfir stöðu vinnu fjárhagsáætlunar Múlapings 2023 og framkvæmda- og umhverfismálastjóri kynnti drög að fjárfestingaráætlun 2023.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Guðlaugur Sæbjörnsson - 08:30

2. 202203147 - Skýrsla framkvæmda- og umhverfismálastjóra

Framkvæmda- og umhverfismálastjóri kynnti stöðu verkefna á sviðinu.

Lagt fram til kynningar.

3. 202205053 - Verndarsvæði í byggð í Múlapingi

Sveitarstjórn Múlapings fól umhverfis- og framkvæmdaráði á fundi sínum 29. júní síðast liðinn að taka til endurskoðunar skilmála gildandi verndarsvæðis á Djúpavogi og framhald verkefna varðandi verndarsvæði á Egilsstöðum og á Seyðisfirði.

Skipulagsfulltrúi situr fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð felur framkvæmda- og umhverfismálastjóra að skipuleggja íbúafundi á Djúpavogi, Seyðisfirði og Egilsstöðum í samráði við heimastjórnir á hverjum stað þar sem farið verður yfir stöðu verkefnanna. Byrjað verður á Djúpavogi en þar hefur verndarsvæði verið í gildi frá árinu 2017. Drög að tillögu verndarsvæðis í byggð á Seyðisfirði liggur fyrir og verður hún kynnt þegar endurskoðun verndarskilmála á Djúpavogi er lokið.



Tillaga vegna verndarsvæðis í byggð á Egilsstöðum var auglýst í upphafi árs 2022 og mun umhverfis- og framkvæmdaráð leggja fram tillögu til sveitarstjórnar um framhald verkefnisins í kjölfar íbúafundarins.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Gestir

Sigurður Jónsson - 10:15

4. 202011171 - Miðás 15 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur að nýju umsókn um byggingaráform fyrir dúkskemmu á lóð númer 15 við Miðás á Egilsstöðum. Ráðið samþykkti á fundi sínum 22. ágúst að áformin yrðu grenndarkynnt í samræmi við 4. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt var fyrir fasteignaeigendum að Miðási 11, 13, 17-21 og 23 með athugasemda fresti til 22. september. Engin athugasemd barst við áformin. Skipulagsfulltrúi situr fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð staðfestir að grenndarkynningu byggingaráforma við Miðás 15 á Egilsstöðum sé lokið án athugasemda.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Gestir

Sigurður Jónsson - 10:25

5. 202208105 - Starfshópur umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um nýtingu vindorku

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur erindi frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu sem sent er fyrir hönd nýskipaðs starfshóps um nýtingu vindorku. Starfshópurinn starfar í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem meðal annars kemur fram að setja skuli sérstök lög um nýtingu vindorku með það að markmiði að einfalda uppbyggingu vindorkuvera til framleiðslu á grænni orku. Starfshópurinn hefur tekið til starfa og stendur sveitarfélögum til boða að senda inn sjónarmið sín um efni verkefnisins og einstök atriði sem fram koma í fyrirliggjandi erindi, á fyrstu stigum vinnunnar. Ábendingum skal skilað fyrir 30. september 2022.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Formanni ráðsins falið að koma athugasemdum á framfæri í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

6. 202202043 - Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Austurlands 2022

Fundargerð 169. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands lögð fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.



7. 2209016F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa Múlapings - 20

Fundargerð frá 20. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa lögð fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:40

